Ræða formanns á Landsþingi Frjálslynda flokksins

Ágæta flokksfólk.

Velkomin á Landsþing Frjálslynda flokksins á þessu herrans ári 2007, í aðdraganda alþingiskosninga. Það hefur gustað nokkuð um Frjálslynda flokkinn á þessu hausti og það kappsama fólk sem verið hefur í forystu flokksins undanfarin ár hefur ekki verið sammála um menn og málefni. Rökræðan út á við um mann og annan eða átök um málin okkar og stefnu eru okkur ekki erfið að mínu mati, þ.e. við fólk úr öðrum stjórnmálaflokkum. Ég tel málatilbúnað okkar góðan og hafa að mörgu leyti staðist tímans tönn þau átta ár sem Frjálslyndi flokkurinn hefur starfað sem stjórnmálaflokkur undir því nafni sem fyrrverandi formaður gaf honum og miðstjórn Frjálslynda flokksins samþykkti sem nafn á fjöldahreyfinguna sem flokkurinn er orðinn að. Frjálslyndi flokkurinn er kominn til að vera og hefur fest niður stöðu sína í íslenskri pólitík. Við höfum hægt og bítandi aukið fylgið og náð bæði fótfestu á Alþingi og í sveitarstjórnum. Frjálslyndi flokkurinn á nú í fyrsta sinn formann bæjarráðs. Það er á Akranesi, þar sem Karen Jónsdóttir, 39 ára og menntuð í iðnrekstri og vörustjórnun, leiddi bæjarstjórnarframboð Frjálslynda flokksins ásamt Magnúsi Þór Hafsteinssyni. Það er mjög ánægjulegt að forystufólk okkar komist til þess að hafa bein áhrif. Við náðum aftur inn manni í borgarstjórn Reykjavíkur. Þar er Ólafur F. Magnússon, læknir, okkar fulltrúi, og veitir meirihluta borgarstjórnar gott aðhald. Á Ísafirði er Magnús Reynir Guðmundsson okkar fulltrúi í sameiginlegu Í-lista framboði sl. vor. Magnús Reynir er nú tímabundið framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins. Í Grindavík náðum við nú í fyrsta sinn fulltrúa í bæjarstjórn, Björn Haraldsson verslunarmaður.

Á öðrum stöðum eins og Skagafirði og Vestmannaeyjum var árangur okkar góður þó að við næðum ekki manni inn á þeim stöðum. Við buðum einnig fram í Reykjanesbæ en þar var ekki sátt um málin og miðstjórn Frjáslynda flokksins varð að velja niðurstöðu um framboð.

Nauðsyn að skipta um ríkisstjórn

Frjálslyndi flokkurinn hefur verið að efla málefnastöðu sína og byggja sig upp. Við viljum ná þeirri stöðu eftir næstu alþingiskosningar að eiga aðild að ríkisstjórn. Við viljum komast í þá stöðu að hafa áhrif og völd til þess að koma áherslum okkar að í stjórn landsins og löggjöf. Það mun verða gæfuspor Íslendinga fyrir framtíðina að skipta um ríkisstjórn í landinu. Við þingmenn flokksins viljum leggja okkar af mörkum til þess að hér verði tekið upp meira lýðræði og virkara jafnræði fólksins en nú er til staðar á mörgum sviðum eftir uppskipti auðs og afla á hendur fárra undanfarin ár sem ríkisstjórnin hefur valið til að njóta allsnægtanna. Ég vænti þess að stjórnarandstaðan felli ríkisstjórnina og fylgi eftir þeim ásetningi sínum að mynda nýja ríkisstjórn með aðrar áherslur en misskiptingarflokkarnir sem lengi, alltof lengi, hafa setið að völdum í landinu. Vænti þess að fólkið í Frjálslynda flokknum, sem hér er á þessum fundi, sé okkur sammála?

Fjölgun flokksmanna og vaxtarverkir

Í allt haust og það sem af er þessu ári hefur fjölgað mjög fólki alstaðar af landinu sem gengið hefur í Frjálslynda flokkinn. Fólki á ólíkum aldri sem fengið hefur áhuga á þeim málefnum sem við höfum flutt á Alþingi eða talað fyrir á opinberum vettvangi þjóðmálaumræðunnar. Þegar fólkið fór að streyma inn á síðastliðnu hausti var það eitthvað sem við höfðum ekki orðið vör við áður í sama mæli. Vissulega kom nýtt fólk á síðastliðnu vori, í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga, til liðs við okkur en ekki líkt því sem verið hefur síðastliðnar vikur. Á 50 dögum, frá 10. desember, hafa hátt í 500 nýir flokksmenn gengið í Frjálslynda flokkinn.

Það hefur verið afar ánægjulegt að sjá hversu víða af landinu bætist fólk í okkar raðir. Það gerist þrátt fyrir að nokkur átök hafi verið innan flokksins um forystu í Frjálslynda flokknum. Við sem fyrir vorum verðum að veita því fólki sem gengið hefur til liðs við okkur viðtöku með jákvæðu hugarfari og nýta okkur krafta þess fólks sem vill vissulega fá að leggja hönd á plóg. Ég vænti þess að frjálslynd viðhorf verði viðmót okkar og að við kunnum og getum höndlað þann vanda og tekið á þeim vaxtarverkjum sem vissulega geta komið upp í ört stækkandi flokki.

Tryggur lágmarkslífeyrir

Undanfarin 6 ár hafa þingmenn Frjálslynda flokksins flutt þingmál um að tryggja lífeyrisþegum tryggan lágmarkslífeyri svo afkoma eldri borgara og öryrkja nái því markmiði að geta talist viðunandi. Við höfum mátt þola það, eins og aðrir stjórnarandstöðuflokkar, að okkar góðu tillögur um málefni aldraðra og öryrkja fengju ekki afgreiðslu og væru svæfðar í nefndum þingsins. Tillögur okkar gengu út á að búa til frítekjumark án skerðingar lágmarksbóta frá Tryggingastofnun ríkisins og að jafnframt væri tekin upp þrepaskipt skerðingarregla frá 50 þúsund og að 100 þúsund krónum. Með þessu vildum við tryggja afkomu aldraðra og öryrkja. Þegar stjórnarandstaðan tók til sameiginlegra verka síðastliðið haust varð samstaða um að leggja til 75 þúsund krónu frítekjumark án skerðinga á bótum Tryggingastofnunar ríkisins strax. Því hafnaði ríkisstjórnin en notaði aðferðina sem við lögðum til fyrir 6 árum síðan og samþykkti heilar 25 þúsund krónur sem frítekjumark eða einn þriðja þeirra launa sem lágt launað hálft starf gefur á vinnumarkaði. Það skortir ekki rausnina á ráðherrabænum eða hitt þó heldur. Ráðherrar sem hafa sérlífeyri langt umfram aðra, þar með talið óbreytta þingmenn sem fá 160-170 þúsund ef miðað er við meðalstarfsaldur, sem er um 11 ár við þingstörf. Við í stjórnarandstöðunni lögðum til 6 þúsund króna hækkun á tekjutryggingu aldraðra og öryrkja. Sú tillaga náði ekki í gegn og var felld einnig. Og sama var um að lækka skerðingarreglu Tryggingastofnunar ríkisins úr 45% niður í 35%. Allar aðrar tillögur til þess að bæta frekar afkomu lífeyrisþega voru líka felldar. Samtök eldri borgara mæltu eindregið með tillögum stjórnarandstöðunnar í velferðar- og afkomumálum sínum. Á þær tillögur eldri borgara hlutstaði ríkisstjórnin ekki frekar en annað. Stjórnarandstaðan er ákveðin í að fylgja tillögum sínum eftir. Þess vegna yrðu það mikil vonbrigði ef framboð eldri borgara, sem nú eru að koma fram, yrðu til þess að viðhalda völdum núverandi ríkisstjórnar sem vill ekki taka stór skref í að bæta afkomu aldraðra og öryrkja.

Skattamál

Í kosningabaráttunni 2003 lögðum við til, í Frjálslynda flokknum, að ef lækka ætti tekjuskatta á einstaklinga um 16 milljarða króna, eins og þá var boðað, ætti að fara þá leið að hækka persónuafsláttinn og þar með skattleysismörkin, sem kæmi sér best fyrir lágtekjufólk með 1,5-2,0 milljónir í árslaun og fólk með meðaltekjur undir 3,7 milljónum í árstekjum. Leið ríkisstjórnarinnar var flöt 4% lækkun skattprósentunnar sem ríkisstjórnin fór og framkvæmdi að mestu þó ASÍ hafi knúið fram breytingu um eitt prósent yfir í persónuafsláttinn sem varð m.a. til þess að hækka skattleysismörk nú um áramótin úr 79 þúsund krónum í 90 þúsund krónur. Hefði verið farið að tillögu okkar í Frjálslynda flokknum væru skattleysismörk nú um 110 þúsund krónur. Láglaunafólkið, eldri borgarar og öryrkjar eru ekki á forgangslista þessarar ríkisstjórnar þegar kemur að því að bæta lífskjörin. Það sýnir best forgangsröðun stjórnarliða í afnámi hátekjuskattsins í stað þess að hækka tekjuviðmið svo um raunverulegan hátekjuskatt væri að ræða. Það verður að horfa á samspil skerðingarreglna Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt lögum, skattkerfið og skattleysismörk ásamt lífeyriskerfinu til þess að tryggja þau sameiginlegu markmið okkar í Kaffibandalaginu svokallaða, að rauntekjur eftir skatta og skerðingar nægi til framfærslu hvers og eins. Fólk á

ekki að þurfa að vera í biðröð hjá sveitarfélögum eftir félagslegri aðstoð svo það geti keypt mat og aðrar nauðsynjar, þar með talin lyfin sem fólk þarf. Skattleysismörk þurfa að hækka í 150 þúsund krónur til að lágtekjufólk, aldraðir og öryrkjar eigi að komast af.

Mengun og breytt lífríki

Mengun andrúmsloftsins virðist vera að breyta hitafari jarðar og þá einnig náttúrufari jarðarinnar. Nú er talið víst að mesta breytingin verði á Norðurheimskautasvæðum. Þar verði meiri og örari hlýnun en annars staðar á jörðinni. Hitafarsbreytingarnar geta verið mikil ógnun en ný tækifæri gætu einnig boðist. Valið er okkar á komandi áratugum. Ísland liggur að Norðurslóðum og hefur notið þess í miklum mæli.

Við Íslendingar eigum flestum öðrum meira undir áhrifum hlýnandi loftslags og hlýnun sjávar sem er sýnileg þróun að dómi flestra færustu vísindamanna í umhverfismálum. Aðeins hörðustu frjálshyggjusinnar leyfa sér að draga þetta í efa. Það ætti að vera metnaðarmál okkar að taka afdráttarlausa afstöðu þarna og jafnframt að taka forystu í rannsóknarstarfi í okkar heimshluta. Við eigum að bjóða Ísland fram í þessu brýnasta hagsmunamáli heimsbyggðarinnar og sækjast eftir styrkjum frá alþjóðasamfélaginu til að byggja hér upp öfluga rannsóknarstöð og jafnframt vísindaskólastarf á þessu sviði.

Þjóðarauðlindin

Auðlegð okkar fiskimiða byggir m.a. á því að Norðurhöfin framleiði þörunga og átu svo loðnan, þessi litli silfraði fiskur, flytji inn á landgrunnið alla þá orku sem felst í loðnugöngu hvers árs. Loðnan á mikinn þátt í vexti og viðgangi þorsksins, okkar verðmætasta botnfiskstofns. Þorskurinn varð undirstaða þess að við urðum bjargálna þjóð. Nútíma fiskveiðar eru afkastamiklar og ekki sama hvort veiðistýringin vinnur með náttúrunni eða öfugt. Nú liggur fyrir, að dómi vísindanna, að hér við land eru margir þorskstofnar og stofnbrot eða fjölskyldur. Þessu hafa margir fiskimenn haldið fram árum saman, þ.e. að þorskur á einu svæði, firði eða flóa væri ekki veiddur á öðru uppeldis- eða hrygningarsvæði. Kvótakerfið hefur aldrei tekið mið af þessari líffræðilegu staðreynd sem nú loks er viðurkennd af fræðimönnum. Kvótakerfið tekur ekki mið af líffræði þorsksins þó það hafi á sínum tíma einkum verið sett á til þess að byggja upp þennan verðmætasta nytjastofn okkar og þann fiskistofn sem skiptir mestu fyrir viðhald sjávarbyggðanna víða um landið.

Kvótakerfið

Kvótinn fer burt úr byggðinni. Það vald er á hendi útgerðar án þess að í neinu sé virtur réttur fólksins. Mesta happ þeirra sem nú hafa kvótann er þrautpíndur leiguliðinn. Hann er arðrændur hvern einasta dag og breytir þá engu hvort það er fiskvinnsla eða útgerð sem leigir af kvótakóngnum. Leigu- og sölukerfið er óþolandi ranglæti. Veiðirétturinn átti aldrei að vera annað en nýtingarréttur, eins og réttlátt sóknarkerfi býður upp á.

Frjálslyndi flokkurinn hefur frá upphafi hafnað kvótakerfi með sölurétti og einkavæðingu á auðlindinni. Núverandi stórgreifar í útgerðarmannastétt gera kröfu til söluréttar á óveiddum fiski í sjónum, aflahlutdeild, sem í almennu tali manna á meðal er nefnt kvótinn. Þeir vilja einkaeign og leggjast gegn því að í Stjórnarskrá Íslands segi að auðlindir sjávar séu þjóðareign. Frjálslyndi flokkurinn telur að sú stefna að vinna sig út úr kvótakerfinu í aðgreindum skrefum í tíma og með skiptingu flotans í fjóra aðgreinda útgerðarflokka sé vel fær leið. Þannig megi vinna sig hægt en með markvissum hætti út úr kvótakerfi með frjálsu framsali án skaða og síðar til mikils ávinnings fyrir þjóðina.

Þó Norðausturhorn landsins liggi vel að loðnu og síldarmiðum er enginn veiðiréttur á Raufarhöfn, Vopnafirði eða Þórshöfn lengur í eigu heimamanna. Samt hafa sumir áðurnefndra staða lagt bæjarfélag sitt undir í viðleitni til að halda veiðiréttinum í byggð með veðsetningum og bæjarábyrgðum ásamt framlögum heimamanna.

Menn sem hagsmuni mikla eiga í óveiddum fiski í sjónum segja kerfið ákaflega hagkvæmt. En er það svo? Skuldir sjávarútvegsins hafa vaxið gríðarlega síðastliðinn áratug. Voru um 90 milljarðar 1995 en eru nú að nálgast 300 milljarða króna. Tekjurnar hafa verið um 110-125 milljarðar og vaxa lítið. Hvað skyldu bankarnir fá í arð af þessari auknu skuldasúpu sjávarútvegsins? Er það krafa fjármagnsins sem knýr áfram leigubraskið? Það er hins vegar ljóst á hverjum það bitnar. Það er fólkið í fiskvinnslunni og sjómennirnir sem gjalda keisaranum það sem keisaranum var gefið. Það er ekki tilviljun að laun standa í stað eða lækka. Verðlagning kvótans tekur sinn toll áður en fiskurinn er veiddur.

Við höfum í Frjálslynda flokknum haldið því fram að sjávarbyggðirnar væru að veikjast og fólki að fækka vegna þess hvernig sölukerfi kvótans vegur að sjávarbyggðunum. Fólk sem taldi kerfið ekki alvont sagði oft að útgerðin og kvótinn ætti að færast á stærri útgerðarstoðina en jafnvel sú tálsýn fær ekki lengur staðist. Má þar nefna Ísafjörð, Akranes og nú síðast Akureyri. Ég vona að landsmenn sem áhuga hafa á sjávarútvegi og viðhaldi byggðar í landinu hafi lesið grein Árna Bjarnasonar, fyrrverandi skipstjóra á Akureyri og nú forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, um kvótabraskið og horfinn atvinnurétt (kvóta) frá höfuðstað Norðurlands, sem áður fyrr var í áratugi undirstaða útgerðarveldis Útgerðarfélags Akureyringa.

Byggðamál og samgöngur

Samgöngur á þjóðvegum landsins skipta afar miklu fyrir fólkið á landsbyggðinni. Um þá fara í dag svo til allir flutningar sem áður voru með skipum. Þessi gjörbreyting á flutningsmáta á fáum árum kallar nú á mun hraðari uppbyggingu vegakerfisins en áður var mönnum ljóst, fyrir aðeins nokkrum árum síðan. Hér er nánast um byltingu að ræða. Bílaeign er mjög mikil og krafa fólksins, sem stjórnvöld verða að svara, er um meira umferðaröryggi með betri vegum og varanlegar samgöngulausnir í vegagerð, þjóðvegi sem ávallt eru opnir og akfærir, jafnvel í mjög vondum veðrum. Hægt er að mæta þessum kröfum þar sem nú eru raunhæfar lausnir í boði með jarðgöngum og þverunum fjarða, til þess að stytta vegalengdir, aksturstíma og auka umferðaröryggi, vel framkvæmanlegar. Viðhald í jarðgöngum er lítið miðað við aðra þjóðvegi með sambærilegan umferðarþunga. Við í Frjálslynda flokknum höfum í þrjú ár lagt til að farið yrði af krafti í jarðgöng undir verstu fjallvegi og gerð yrði áætlun um 14-15 jarðgöng á næstu árum. Þannig yrði ávallt fært á milli landshluta og byggða. Þetta samgönguátak á að setja á framkvæmdastig sem allra fyrst. Varla er meiri arðsemi að finna í verklegum framkvæmdum sem einnig styrkja byggðir í landinu. Hik í þessum málum er tap okkar.

Heimili, skuldir og verðtrygging

Frjálslyndi flokkurinn ber hag almennings fyrir brjósti. Íslensk heimili eru skuldug. Heildarskuldir heimilanna eru 1.270 milljarðar króna, sem svarar til vel á fimmtu milljón króna á hvert mannsbarn í landinu.

Sívaxandi hluti af tekjum heimilanna fer í að greiða vexti og afborganir af lánum. Það er miklum mun erfiðara fyrir Íslendinga að bera þann skuldabagga en fyrir næstu nágranna okkar að greiða af nákvæmlega jafn háum skuldum. Það markast af þeim slæmu kjörum sem íslensku bankarnir skammta Íslendingum sem staðfest er af nýlegri skýrslu Samkeppniseftirlitsins.

Íslenski neytendur búa við mun hærri vexti sem eru að auki verðtryggðir.

Á Íslandi er meiri vaxtamunur en annars staðar á Norðurlöndum.

Lántökugjöld og annar kostnaður við lántöku hefur farið harðvaxandi á síðustu árum. Rannsókn á útgjöldum heimilanna á árunum 2003-2005 sýnir að kostnaður heimilanna vegna fjármálaþjónustu hefur vaxið gríðarlega frá fyrri könnun sem náði til áranna 2002-2004.

Þetta hefur gerst í kjölfar einkavæðingar bankanna þar sem sumir fengu að kaupa en aðrir ekki.

Viðskiptabankarnir þurfa að gera grein fyrir því hvers vegna íslenskur almenningur fær verri og verri kjör á sama tíma og hagur bankanna vex sem og þeirra sem bönkunum var ráðstafað til.

Það sést á ofurhagnaði bankanna og dýrlegum veislum sem haldnar eru og eiga frekar við í Hollywood en 300 þúsund manna þjóðfélag í Norðurhöfum þar sem flestir þekkja alla.

Frjálslyndi flokkurinn hefur lagt fram tillögur á Alþingi til þess að lækka þennan háa kostnað.

Meðal annars var lagt til að afnema stimpilgjaldið sem leggst aðallega á einstaklinga og minni fyrirtæki. Stimpilgjaldið leggur stein í götu þeirra sem hyggjast leita betri kjara með því að færa sig á milli viðskiptabanka.

Þetta kemur í veg fyrir hreyfanleika og samkeppni á bankamarkaði.

Það þarf að auka aðhald með bönkunum og tryggja jafnræði neytenda í viðskiptum við lánastofnanir.

Íslenskt fjármálakerfi er orðið hluti af alþjóðlegu umhverfi og þess vegna þarf að laga reglur þess og kjör að því sem almennt gerist í vestrænum ríkjum. Lánskjör íbúðalána til almennings eru meðal þeirra þátta sem þarf að aðlaga. Þau eru alla jafna verðtryggð hér á landi en það heyrir til undantekninga að lán séu verðtryggð erlendis. Það er óásættanlegt að landsmenn búi við allt önnur og miklu lakari lánskjör en almennt gerist í nágrannaríkjunum.

Helstu röksemdir fyrir verðtryggingu lána á Íslandi hafa hingað til verið þær að með henni skapist forsendur fyrir lægri vöxtum. Sú hefur þó alls ekki orðið raunin eins og ég tæpti á í ræðu minni.

Á Alþingi hefur Frjálslyndi flokkurinn lagt fram þingsályktunartillögu um afnám verðtryggingar og var það gert til þess fyrst og fremst að skapa efnahagslegan stöðugleika og komast út úr því ójafnvægi sem ríkt hefur undanfarin ár sem lýsir sér bæði með háum vöxtum og hárri verðbólgu. Það eru sterk rök að verðtryggingin ýtir undir ójafnvægi. Við afnám verðtryggingar gæti lánveitandi ekki varpað allri ábyrgð á verðbólguáhættu á lántakandann og það mundi ýta undir ábyrga efnahagsþróun. Ekki veitir af. Við breytinguna mundi einnig skapast þrýstingur til lækkunar vaxtastigs í landinu þar sem lánveitendur og lántakendur yrðu að taka mið af raunhæfum vaxtakröfum sem ekki væru faldir í verðtryggingunni.

Afnám verðtryggingar mundi ekki skerða hag lánveitenda til lengri tíma þar sem stöðugleiki í efnahagslífinu ykist á móti og yrði til þess að lánastofnanir þyrftu í aukum mæli að taka tillit til stýrivaxta Seðlabankans í öllum ákvörðunum sínum.

Það er mjög mikilvægt að þegar verðtrygging húsnæðislána verður afnumin verði það gert af yfirvegun og skerði ekki hag sparifjáreigenda. Frjálslyndi flokkurinn hvetur almenning til sparnaðar og ráðdeildar.

Málefni innflytjenda

Frjálslyndi flokkurinn leggur ríka áherslu á að fólk af erlendu bergi brotið, sem flyst hingað til lands, verði gert kleift að finna sér hlutverk og aðlagast íslensku samfélagi. Tryggja þarf að ekki verði brotið á því fólki og því verði sýnd full virðing og réttindi virt..

Nú liggur fyrir stefnumörkun ríkisstjórnarinnar úr nefndarstarfi um málefni innflytjenda, eins og samþykkt var á Alþingi í apríl 2006. Þinginu var lofað að sú stefnumörkun ætti að liggja fyrir 1. október síðastliðinn. Svo var ekki. Það var nauðsynlegt að bregðast betur við þeim miklu þjóðfélagslegu áskorunum sem felast í því stóraukna streymi erlends vinnuafls hingað til lands sem var fyrirsjáanlegt að yrði eftir 1. maí síðastliðinn, þegar lög um frjálsa för launafólks frá nýjum aðildarríkjum ESB var heimilað. Það er skoðun okkar að sú leið sem meirihluti Alþingis valdi í vor, að nýta ekki heimildir til frestunar ákvæða í EES-samningnum um frjálsa för, hafi verið mikil mistök. Við andmæltum þessu einir flokka harðlega síðastliðið

vor. Frestun á frjálsu flæði til 2009 eða 2011 hefði gefið okkur svigrúm til betri undirbúnings, auk þess sem ætla má að atvinnuástand í mörgum þeirra landa sem um ræðir hefði batnað eftir nokkurra ára veru þessara ríkja í ESB.

Margt hefur verið í ólestri um málefni erlendra ríkisborgara á Íslandi. Fólk býr víða í atvinnuhúsnæði, skráning og eftirlit er gloppótt. Íslenskukennsla var af skornum skammti og áfram mátti telja. Mjög mikið innstreymi hefur verið af fólki hingað til lands og aldrei meira en síðustu mánuði. Varla er ofmælt að segja að Ísland upplifi nú aðstæður sem aldrei hafa komið upp fyrr í sögu landsins þar sem mikill fjöldi erlends fólks mun keppa við Íslendinga um vinnu.

Nokkrar áherslur

Eftirfarandi þarf að hafa að leiðarljósi við þá vinnu sem nú er framundan í þessum málum:

Brugðist verði sérstaklega við áhrifum frjáls flæðis erlends vinnuafls á vinnumarkaðinn sem leitt getur til lækkunar launa. Fylgjast þarf með fjölgun starfsmanna á vegum starfsmannaleiga .Stéttarfélög fái heimildir til að fara í fyrirtæki og krefjast þess að fá að sjá launaseðla, vinnuskýrslur og önnur gögn sem varða erlenda starfsmenn svo unnt sé að fylgjast með því að ekki sé brotinn á þeim réttur. Fjöldi erlendra starfsmanna hefur ekki verið tilkynntur til Vinnumálastofnunar, eins og lög gera þó ráð fyrir. Herða verður eftirlit með atvinnurekendum og óskráðum starfsmönnum, kjörum þeirra og búsetu.

Unnið verði að því að staða þess starfsfólks sem þegar er komið til landsins verði könnuð, fjölskylduhagir og áform þeirra í næstu framtíð varðandi hugsanlega framtíðarbúsetu á Íslandi. Þannig verður unnt að spá fyrir um t.d. fjölgun skólabarna, þörf á kennslu í íslensku og öðrum þáttum er varða aðlögun o.fl. til framtíðar að talsverðu leyti.

Við teljum brýnt að kannað verði hvort þeir, sem vilja setjast hér að um lengri eða skemmri tíma, hafi hugsanlega sakaferla. Meta verður menntun innflytjenda, bæði hvað varðar iðnmenntun og æðri menntun. Heilbrigðisyfirvöld þurfa að vera á varðbergi varðandi smitsjúkdóma eins og berkla.

Mikilvægt er að virkja innlent vinnuafl frekar en nú er gert, og þannig nýta betur þann mannauð sem fyrir er í landinu. Það mætti gera með breytingum á skattakerfi, þar sem tekið yrði tillit til skerðingarreglna sem bitna nú harðast á eldri borgurum og öryrkjum, sem og því hvernig skattbyrði hefur þróast gagnvart lágtekjufólki.

Hægt að beita takmörkunum

Rétt er að vekja athygli á að það ferli að taka nú upp stýringu, eftirlit og takmörkun hefði verið mun einfaldara ef Ísland hefði nýtt sér fyrirvara sem mögulegur var vorið 2006. Við viljum reyna að takmarka á ný frjálst flæði launafólks frá nýjum ríkjum EES a.m.k. á meðan unnið er að ráðstöfunum í samfélaginu sem tryggja hagsmuni bæði þeirra útlendinga sem hingað vilja koma og þeirra sem eru hér fyrir. Hér er ekki verið að tala um að loka landinu eða reka fólk á brott, heldur eingöngu lögð áhersla á að sökum smæðar þjóðarinnar er það okkur Íslendingum nauðsynlegt að stýra sjálf flæði erlendra nýbúa til landsins.

Við teljum unnt að gera það samkvæmt 112. og 113. gr. EES-samningsins. Samkvæmt þeim ákvæðum getur íslenska ríkið gripið einhliða til viðeigandi öryggisráðstafana ef upp koma alvarlegir, efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum. Í fyrst lagi verða erfiðleikarnir annað hvort að vera orðnir að veruleika eða yfirvofandi, í öðru lagi eiga ráðstafanirnar að takmarkast við það sem er bráðnauðsynlegt til að ráða bót á ástandinu og loks eiga ráðstafanir sem gerðar eru vegna erfiðleika sem skapast vegna eins samningsaðila að gilda gagnvart öllum samningsaðilum. Við gerð EES-samningsins áskildu stjórnvöld sér einnig rétt til að grípa til sérstakra öryggisráðstafana, t.d. atvinnuleyfis, ef alvarleg röskun yrði á jafnvægi vinnumarkaðar vegna meiriháttar flutninga starfsfólks sem beinast að sérstökum svæðum, störfum eða

atvinnugreinum eða vegna alvarlegrar röskunar á jafnvægi fasteignamarkaðar. Þetta var gert með sérstakri bókun íslenskra stjórnvalda við ákvæði samningsins, sem ekki var mótmælt á sínum tíma.

Vonandi næst sátt um þær tillögur sem teknar verða nú til umræðu á Alþingi um málefni innflytjenda. Við munum leggja okkar af mörkum í þeirri vinnu, þingmenn Frjálslynda flokksins, og einnig okkar fylgja eftir okkar áherslum. Þessi mál gátu ekki legið í þagnargildi og við látum ekki málin sofa. Þau verða rædd hvort sem fólki líkar það vel eða illa.

Náttúra og nýting

Það þarf enginn að vera undrandi á því, eins og vegið hefur verið að landsbyggðinni meðal annars með kvótakerfinu, þó fólkið leiti með logandi ljósi að nýtingu orku á sínum heimasvæðum, sem er krafa um að nýtt verði í heimabyggð. Hóflega stóriðju, þó álver séu, er ekki hægt að útiloka í þeirri atvinnuleit. Stjórnvöld eiga að hafa stefnu í nýtingu orkunnar og hana á að verðleggja hærra en gert hefur verið og meðal annars þannig að takmarka orkusölu í aðeins eina framleiðslu, oftast ál.

Nú um sinn eigum við að fara okkur hægt og ná fram heildarstefnu um nýtingu náttúru og vatns. En byggðirnar sem höllum fæti standa verða ekki settar í langtíma töf í leit að atvinnu sem gæti orðið þeim fastari í sessi en sölu- og leigukerfi kvótans býður upp á.